



**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Iceland Academy of the Arts

## **Sviðslistadeild**

## **Leikarabraut**

### **Lokaverkefni Leikara**

*Mutter Courage og börnin hennar eftir Bertolt Brecht*

*Í leikstjórn Mörtu Nordal*

**Lokagreinargerð til BA-gráðu í leiklist**

**Gunnar Smári Jóhannesson**

**Kt.: 0409922199**

**Leiðbeinandi: Ásgerður G. Gunnarsdóttir**

**Vorönn 2019**

## Inngangur

Þegar leikari tekur að sér að skapa karakter eru ýmsar aðferðir hægt að nota til að gera persónu verksins áhugaverða. Hafa þarf í huga innri líf charactersins, persónu einkenni, hreyfingunstur og fleiri þætti sem skilgreinir þessa ákveðnu persónu og lætur hana verða áhugaverða fyrir áhorfandann. Hvað eru kækir charactersins og hver er afstaða hans til hinna persónanna í verkinu. Þessa vinnu getur leikarinn unnið sjálfsætt og greint sjálfur en þegar á heildarmyndina er litið þarf leikarinn að eiga í samtali við mótleikara sína og leikstjóra. Áður en hann fer í mikla sjálfstæða vinnu er mikilvægt að hópurn skilgreini heim verksins vel. Hver er afstaða hópsins til verksins? Hvaða tilgang gegnir hver og einn karakter í verkinu? Hvaða aðferðir vill hópurn nálgast til þess að vinna verkið o.s.frv. Hópurn þarf að skýra heiminn vel áður en leikarinn fer að vinna sjálfsætt í sínum karakter. Ef samtal hópsins er ekki nægilega mikið áður en sjálf gólfvinnan hefst geta orðið árekstrar sem hægt er að fyrirbyggja með borðvinnu.

Í þessari greinargerð mun ég fjalla um mikilvægi borðvinnu og þátttöku leikarans í því ferli og hvernig borðvinnan í útskriftarverki leikara við Listaháskóla Íslands árið 2019 var háttað og bera það saman við aðra áfanga í náminu.

## Verkið

Við bekkurn fengum að vita frá Prófessor deildarinnar að verkefnavalið stæði á milli söngleiksins Rent og Mutter Courage, eru þetta tvö verulega ólík verk og var því áhugavert að velta vöngum yfir því hvaða verk skildi vera valið. Bæði verkin buðu upp á mikla möguleika til þess að þróa tækni leikarans en á mismunandi vegu. Málin þróuðust á þann veg að skólinn, í samráði við leikstjóran Mörtn Nordal að Mutter Courage eftir Bertolt Brecht yrði fyrir valinu. Því þurftum við bekkurn að takast á við verk eftir eitt þekkasta leikskáld tuttugustu aldar og hans Epíska leikhús.

*„Verkið er talið með bestu leikverkum 20. aldarinnar, og er eitt kröftugasta stríðsádeiluverk sögunnar. Mutter Courage er mikil ádeila á stöðu konunnar í stríði, konunnar sem fær engu um framgang stríðsins ráðið en er fórnarlamb þess engu að síður og missir allt sitt. Verkið á vel við þessa ungu kynslóð sem hefur verið í oddaflugi síðustu kven- og mannréttindabyltingar, þeirri er enn stendur yfir. Boðskapur hennar er einfaldur. Allir eru jafnir að verðleikum.“<sup>1</sup>*

---

<sup>1</sup> „Útskriftarverk leikara Mutter Courage“ Menningarfélag Akureyrar, sótt 24. maí 2019,

Þennan textabút má finna í leikskránni og á að lýsa verkinu. Margt í þessum texta grundvallast í því samskiptaleyfi sem átti sér stað í ferlinu sem ég mun yfir.

Sýningin hafði ekki verið sett upp á Íslandi síðan 1965 í Þjóðleikhúsinu í leikstjórn Walter Firner og fékk sú uppfærsla fremur neikvæða og harðorðadóma

*„Þessi jólasýning er enn eitt hryllilegt dæmi óviðunandi vinnubrögð Þjóðleikhúsins, nú er jólagjöfin afskræmt verk, stíllaust og illa unninn sýning.“<sup>2</sup>*

Féll þessi sýning ekki vel í kramið hjá gangrýnanda morgunblaðsins. Ekki er hægt að dæma heila leiksýningu út frá einum harðorðum gangrýnanda en eitthvað fór þjóðleikhúsinu á mis við uppfærsluna á þessu verki á sínum tíma.

Við lestur á verkinu er auðséð að þetta er fremur stór biti að kyngja enda er verkið langt, torskilið, yfirfullt af flóknum kringumstæðum, margir karakterar og frásögnin erfið. Þetta var því stór biti að kyngja fyrir okkur útskriftarefnin enda er heimur verksins gríðarstór og þungur en bíður jafnframt upp á mikla og spennandi möguleika. Verkið gerist í Evrópu á 17. Öld í þrjátíu ára stríðinu sem er ekki minna flóknara en verkið sjálft.

Mér var úthlutað því hlutverki að túlka Eilíf, Herprestinn og bónda. Herpresturinn var bitastæðasta hlutverkið og það hlutverk sem mér þótti hvað erfiðast að túlka. Herpresturinn er verulega útsmoginn bragðarefur sem notar allskonar herbrögð til þess að ná sínu fram, hann er ekki allur þar sem hann er séður. Þurfti ég því að setja mest alla mína einbeitingu á þessu ferli í að skýra hann vel.

Er hann virkilega trúaður ? Eða sóttist hann í stöðuna vegna öryggis ? Þegar hann grætur er hann þá virkilega að gráta ? Eða er það í raun herbragð til þess að ná sínu fram ? Þykir honum vænt um Mutter Courage ? Eða veit hann bara að hún veitir honum öryggi ? Hvað hefur hann að fela og hver er ásetningur hans ? Allskonar spurningar sem vöknudu strax eftir fyrsta lestur.

## **Borðvinna.**

---

[https://www.mak.is/static/files/adstada/hamraborg/leikarabrot\\_program\\_printsýningaskra.pdf](https://www.mak.is/static/files/adstada/hamraborg/leikarabrot_program_printsýningaskra.pdf)

<sup>2</sup> „Mutter Courage og börnin hennar“ Tímarit.is, sótt 24. maí, 2019,

[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=113027&pageId=1371886&lang=is&q=MUTTER%20COURAGE](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=113027&pageId=1371886&lang=is&q=MUTTER%20COURAGE)

Æfingarferlið hófst á því að hópurinn allur hittist í dómshúsinu, þar fengum við bekkurinn að kynnast öllu listræna teyminu, Sævari Helga tónlistarmanni, Önnu Katrínu aðstoðarleikstjóra, Auði Ösp búningahönnun og Mörtu Nordal Leikstjóra. Þar var farið yfir þá sýn sem listrænustjórnendurnir höfðu á verkið og hvað þeim langaði að vinna útfrá. Á þeim fundi var stiklað á stóru og greindi Marta okkur frá því að henni langaði að blanda saman leikstíl Brechts ásamt því að við færum okkar eigin leiðir sem við myndum þróa jafnt og þétt í ferlinu.

Varðandi leikstíl Brechts, að þá tel ég að við bekkurinn höfðum misjafna þekkingu á þeim leikstíl og nær enginn af okkur vissi í raun og veru hvað fólst í Brechtískum leik. Vissulega höfum við lært um aðferðir og leikstíl hans fyrr í náminu, á fyrsta ári í sviðslistasögu hjá Karli Ágústi en með tímanum hefur mikið af þeirri þekkingu glatast og jafn vel á þeim tíma náði ég ekki nægilega vel utan um aðferðafræðina svo talist gæti að ég skildi það vel. Hægt væri að lýsa þekkingu minni á Brechtísku leikhúsi á þann veg að ég skil hvað það er þegar ég sé það en aðferðina sjálfa gæti ég ekki útskýrt með orðum, líkt og enskt orð sem ég þekki en get ekki beinþýtt yfir á íslensku. Þótti mér því ábótavant að við sem hópur rannsökuðum ekki þennan stíl betur. Nytsamlegt hefði verið að eiga samtali við fræðimann um þessa stefnu, kryfja aðferðina saman og prófa svo sjálf út á gólfi til upprifjunar. Við gerðum það ekki og áttum nánast í engu samtali um þessa aðferð, vissulega getur leikarinn aflað sér sjálfur upplýsinga um hverja stefnu fyrir sig og rannsakað á sínum forsendum en það getur átti í för með sér árekstra. Ef að hver og einn rannsakar út af fyrir sig er hætta á að hópurinn hafi ólíka sýn á hverri aðferð fyrir sig enda er um að ræða aðferðir og stefnur sem byggja á tilfinningum og upplifun en ekki tölfræðilegri formúlu.

Eftir stuttan fund tók við samlestur á verkinu, eftir að hafa lesið verkið yfir með bekknum fékk ég betur innsýn í karakter einkenni herprestsins. Það kemur hvernig fram í handritinu hvaðan herpresturinn kemur, hvað hann er gamall, hvað hann heitir né neitt um hans persónulega líf. Þurfti ég því fyrst um sinn að láta mér næga allt það sem hann gerir og segir í hverri senu fyrir sig og út frá handritinu taka tímabundna ákvörðun um hvað einkennir hann. Útfrá skrifum Brechts er hægt að taka þá ályktun að herpresturinn sé mikill framapotari, tækifærasinni og eigingjarn. Svo ef tekið er inn í reikninginn að hann er einstaklingur sem upplifir stríð er í raun hægt að réttlæta gjörðir hans enda er hann, eins og flest allir í þessu verki, að hugsa um að halda sér á lífi. Hann klæðir sig í prestklæði þegar það hentar og jafn

óðum og hætta ber að garði. Hann dregur kaþólskan og lúterskan fána á hún eftir hentugsemi og lætur sig í léttu rúmi liggja hvað hendir aðra.

Eftir að hafa eytt fyrsta deginum við borð fórum við strax út á gólf og hófum að leggja senur og staðsetningar. Við leikararnir vorum ekki búnir að læra textann okkar enda nýbúinn að fá úthlutað hlutverk deginum áður. Því þurftum við að æfa með handrit og án alls undirbúnings. Þótti mér það flækjast fyrir mér að fá ekki neinn tíma til þess að rannsaka heim verksins né karakterinn áður en við fórum út á gólf. Erfitt var að komast í tengingu við karakterinn, ásetninga hans og kringumstæður þar sem fókusinn fór mest allur í það að lesa línurnar og bíða eftir Q-inu mínum. Einnig átti ég erfitt með að tengjast mótleikaranum þar sem viðkomandi glímdi við sama vandamál, niðursökkinn í handritið.

Það fór mikil tími og orka í það að staðsetja okkur leikarana á sviðið, jafn vel þó að við værum enn á byrjunarstigi og enn í æfingarsal sem gaf ekki rétta mynd á því rými sem við kæmum með að sýna í. Í staðinn fyrir að leyfa okkur leikurunum að rannsaka og koma með tilboð var búið að fyrirfram ákveða stöður og hvernig við áttum að túlka senuna. Þótti mér það verulega heftandi og lét mig staðna í þeirri rannsókn minni á karakterum sem mér var úthlutað.

Í bókinni *to the actor* eftir Michael Chekov fjallar hann um þær heftandi aðstæður þar sem leikarinn lendir í þegar hann fær ekki tækifæri á því að rannsaka og spinna í ferlinu. Ef að leikarinn segir einfaldlega línurnar sem höfundurinn skrifaði og framkvæmir eingöngu gjörðir út frá fyrirmælum leikstjórann og fær ekkert svigrúm að rannsaka sjálfur verður leikarinn einfaldlega strengjabrúða leikstjóra og höfunda og vinnan hans í raun vinna annarra.<sup>3</sup>

Ég myndi ekki taka svo sterklega til orða að mér hafi verið stýrt eins og strengjabrúðu. Samt sem áður tengi ég við þá hugsun að vinna mín fékk ekki að njóta sín til fulls. Við leikararnir fengum ekki nægilegt svigrúm til þess að koma með tilboð eða ræða okkar á milli hvað við gætum boðið leikstjóranum.

Í raun hefði verið hægt að sporna við þessu ef leikararnir hefðum fengið að setjast niður með listærnu stjórnendum verkefnisins og rætt saman hvaða heim við vildum skapa. Ef að leikstjórinn hefur sterka sýn á allskyns smáatriðum líkt og staðsetningum og gjörðum þá er

---

<sup>3</sup> Michael Chekhov, *To the actor*, (New York: Routledge, 2002), 35, 36

það þakklát ef að leikstjórinn reynir að útskýra sína hugmyndir og út frá því veita leikaranum það traust á að túlka þá sýn fyrir leikstjóranum.

Flest allir leiðbeinendur sem við höfum haft í gegnum skólagönguna hafa stuðst við mikla borðvinnu, má þá meðal annars nefna Stefán Jónsson er hann leikstýrði okkur í Grikkjum, Stefán Hall sem leikstýrði okkur í Heddu Gabler og Halldóru Geirharðsdóttir sem leikstýrði okkur í Álfheiður heldur Party. Í þessum áföngum eyddum við miklum tíma við borðið, gerðum myndaveggi, fórum í langa karakterspuna, bjuggum til tímalínur, lásam og greindum allt handritið út frá kerfi Stanislavski og stytum það ávalt í sameiningu.

Hver leikstjóri hefur sína vinnuaðferð, þó svo að margir styðjist við samskonar tækni og aðferðir hafa þeir ólíka túlkun eða nálgun. Verið gat að ég hafi verið óvanur vinnuaðferðum Mörtu og það fyrir mér telst ekki neikvæð upplifun, frekar jákvæð reynsla að vinna með nýjum leikstjóra sem lætur mig takast á við karakterinn á öðruvísi máta. Vissulega átti ég erfitt uppráttar á ferlinu og enn eru margir þættir í verkinu sem mér þykir erfitt að tengja við en ferlið kenndi mér hvernig á að takast á við slíkt vandamál í framtíðinni. Þó svo að leikstjórinn vilji ekki vinna borðvinnu í hóp á það ekki að stoppa mig að vinna þá vinnu sjálfstætt. Samt sem áður tel ég að mörg af vandamálum hópsins hefði verið hægt að leysa með slíkri hópvinnu.

Mér þótti það heftandi að við sem hópur skýrðum ekki nægilega vel ástæðuna hvers vegna við vildum setja upp þetta verk. Við búum í landi sem hefur aldrei tekið beinan þátt í stríði, hvers vegna viljum við benda á þær hörmungarnar sem fylgja stríðinu ?

Í byrjun ferlisins áttum við bekkurinn samtali við Mörtu þar sem hún útskýrði fyrir okkur að Mutter Courage væri tákmynd kapítalismans og hún notaði söluvagninn til þess að græða á stríðinu, verkið væri því ádeila á kapítalisma. Við gerðum samt sem áður enga rannsóknvinnu í ferlinu, til þess að skýra fyrir okkur hvað kapítalismi er og hvernig hann kemur fram í verkinu. Samt sem áður fór ég inn í þetta ferli með þann útgangspunkt að við sem hópur vildum varpa ljósi á neikvæðu hliðar kapítalismans og hvað hann getur haft í för með sér. Hægt og bítandi þótti mér afstaða okkar til verksins vera í lausu lofti, við ræddum ekkert meir um afstöðu okkar fyrr en í lokavikunni en þá áttum við samtali öll sem hópur um

afleiðingar stríðs og hversu hörmulegt það væri. Þótti mér því afstaðan hafa breyst og það rétt fyrir sýningar.

Ef hlustað er á viðtal við mig og Hildi Völu í síðdegisútarpinu á RÚV spyr fréttakonan hvernig verkið talar til okkar. Þar nefni ég að það sé erfitt fyrir okkur Íslendinga að setja okkur inn í kringumstæður stríðs, en samt sem áður er stríð og dauði verulega mannlegt og fylgt okkur mannskepnunni síðan við komum á þessa jörð<sup>4</sup>. Þar nefnir hvorki ég né Hildur Vala að verkið sé ádeila á kapitalisma né að verkið sé ádeila á stöðu konunnar í stríði. Ef litið er á sjónvarpsviðtal sem tekið var við bekkinn á norðlensku sjónvarpstöðinni N4 byrjar innslagið á því að fréttapulurinn nefnir að verkið sé „ádeila á stöðu konunnar í stríðinu“. Þegar fréttapulurinn spyr Raket Ýr Stefánsdóttir hvað verkið sé nefnir hún að verkið sé allt það sem fólk sér í símanum sínum, stríð, hörmungar og ást. Jónas Alfreð Birkisson fer svo yfir söguþráðinn og segir frá hvernig verkið er uppbyggt og nefnir að heimur verksins sé þungur, mikill og stór heimur. Raket Ýr bætir svo við að verkið á vel við í dag þar sem allir glíma við sitt innra stríð. Það er ekki fyrr en fréttapulurinn spyr sjálfur út í hlutverk konunnar í stríðinu að Raket Ýr svarar því, en nefnir ekki neina ádeilu eða stöðu konunnar heldur talar út frá sínum karakter, mállausu Katrínu. Enginn af leikurunum nefnir því þessa afstöðu sem stendur í leikskránni.<sup>5</sup>

Í menningunni á RÚV var tekið viðtal við nokkra úr hópnum. Steinunn Arinbjarnadóttir nefnir þar að verkið sé um þrjátíu ára stríðið og að við séum að segja þá sögu, hvað stríð er fáránlegt í alla staði, stríð sé útum allan heim og kjarni verksins bendir á það hvað stríð sé mikil vitleysa. Það sé mikill harmur í þessari sögu og hvernig maðurinn fórnar öðrum fyrir sína eigin hagsmuni. Þarna var ekkert minnst á stöðu konunnar í stríðinu en loka setningin gæti verið vitnun í kapitalisma og þeirra afstöðu sem við hópurinn tókum í byrjun ferlisins.

Í sama viðtali spyr fréttapulurinn Þórdísi Björk Þorfinnsdóttir út í karakterinn Mutter Courage sem hún, ásamt Ásthildi Sigurðardóttir og Berglinði Höllu Elíasardóttir leika. Þar nefnir Þórdís

---

<sup>4</sup> „Síðdegisútarpið“, RÚV, sótt 25. maí 2019, <https://www.ruv.is/spila/ras-2/siddegisutvarpid/20190510>

<sup>5</sup> „Mutter Courage, Akureyri“, N4, sótt 25. maí 2019, <https://www.facebook.com/watch/?v=851563751868809>

að Mutter Courage sé stór og mikill karakter og sé í raun nokkurskonar náttúruafl. Í þessu viðtali nefnist enginn á þessa umræddu afstöðu í leikskránni.<sup>6</sup>

Hvernig stendur á því að við sem hópur nefnum ekki þessa afstöðu sem tekin er fram í leikskránni? Hvernig stendur á því að við nefnum í raun enga sérstæða afstöðu til verksins?

*„Mutter Courage er mikil ádeila á stöðu konunnar í stríði, konunnar sem fær engu um framgang stríðsins ráðið en er fórnarlamb þess engu síður og missir allt sitt“<sup>7</sup>*

Það var fagstjóri leikarabrautar Listaháskóla Íslands, Guðmundur Ingi Þorvaldsson sem skrifaði þetta fyrir hönd skólans í leikskránni. Því velti ég fyrir mér hvort að samtal hafi átt sér stað milli leikstjóra og skólans varðandi það hver afstaða hópsins var til verksins. Ef það samtal átti sér stað, hvers vegna fengum við leikararnir ekki að taka þátt í þeirri umræðu?

Eftir að hafa farið yfir öll þessi viðtöl sést bersýnilega að enginn af leikurunum hafi velt þessari afstöðu fyrir sér. Einnig er athugunarvert að bera afstöðuna sem stendur í leikskránni saman við afstöðuna sem við tókum í upphafi ferlisins að Mutter Courage væri táknmynd kapitalismans og notaði stríðið til að græða á öðrum.

Þessar tvær afstöður eru í raun þversögn, sú fyrrnefnda teiknar Mutter Courage upp sem fórnarlamb stríðsins en sú síðarnefnda teiknar hana upp sem geranda.

Við sem hópur áttum aldrei samtal öll saman varðandi afstöðuna sem stendur í leikskránni. Því setti ég mig í tengingu við þær leikkonur sem túlka Mutter Courage og spurði þær hvort að Marta hafi átt sér samtal við þær um þessa afstöðu.

Ásthildur Sigurðardóttir svaraði því neitandi og greindi mér frá því að hún hafi ávalt litið á karakter Mutter sem táknmynd kapitalismans. Berglind Halla og Þórdís Björk tóku undir þetta og bættu við að Marta hafi ekki verið sammála því sem skólinn skrifaði í leikskránni. Því er hægt að álykta að samskiptaleyfi skólans og leikstjórans hafi valdið þessum ruglingi.

## Sýningar

<sup>6</sup> „Menningin“, RÚV, sótt 25. maí 2019, <https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/menningin/25788?ep=89ha40&fbclid=IwAR3Z4nOwW0iiTYRsBkgJUqOdwaDBntpudUfmf6XFDmqhg9-dhTWbH0MkFM0>

<sup>7</sup> „Útskriftarverk leikara Mutter Courage“ Menningarfélag Akureyrar, sótt 24. maí 2019, [https://www.mak.is/static/files/adstada/hamraborg/leikarabraut\\_program\\_printsyningaskra.pdf](https://www.mak.is/static/files/adstada/hamraborg/leikarabraut_program_printsyningaskra.pdf)



Eins og fram hefur komið er heimur verksins gríðarstór og verkið þungt, í frumsýningarvikunni byrjaði sýningin að finna sinn farveg. Heimurinn og senurnar að skýrast og fagurfræðin að taka á sig heildstæða mynd. Fannst mér listrænustjórnendurnir gefa okkur leikurunum meira tækifæri á því að rannsaka og koma með tilboð seinustu tvær vikurnar og mörgum svörum svarað tengdum kringumstæðum og ásetningu. Eftir fyrsta rennslið þótti mér sýningin þétt og allir karakterarnir mínir heildstæðir. Þótti mér sýningin áhrifarík og sjónræn en átti samt sem áður erfitt með að túlka hver boðskapurinn væri, var Mutter Courage fórnarlamb stríðsins eða tók hún þátt í eiginhagsmunarseminni með græðgi sinni? Eftir á að hyggja tel tel ég að ég hefði getað gert herprestinn mun skýrari fyrir áhorfendur en helsta vandamálið sem spornaði gegn því að skýra hann var afstöðuleysi okkar í hópnum. Í ferlinu tók ég sjálfur ávalt þá afstöðu að Mutter Courage væri táknmynd Kapítalisma enda gefur handritið það upp. Mutter tekur margar ákvarðanir út frá græðgi t.d þegar hún prúttar um líf sonar síns.

*„200 get ég ekki borgað, þú hefðir átt að prúttu. Farðu og segðu að ég borgi 170 gyllini, annars verður ekkert úr neinu.“<sup>8</sup>*

Einnig neitar hún hjálparlausu bóndafólki um sárabindi þar sem þau geta ekki borgað.

*„Ég læt ekkert, þau borga ekki, því þau eru allslaus“<sup>9</sup>*

Fyrir mér er þetta skýr ádeila á kapítalisma. Einnig er margt í textanum þar sem herpresturinn bendir á græðgi Mutter.

*„Þegar ég sé yður veita friðnum móttökur eins og það væri einhver óþverra dula sem ekki hægt væri að snerta að þá fyllist ég heilagri reiði, því þá sé ég að þér viljið ekki frið, heldur stríð af því þér græðið á því.“*

*Herpresturinn: Hvers vegna eru þér að harma að það sé friður, þegar annað fólk andar léttar? Er það útaf þessu gamla skrani í vagninum?*

*Mutter Courage: Vörurnar mínar eru ekkert gamalt skran. Heldur lifi ég á þeim og það hafið þér gert einnig fram að þessu.*

---

<sup>8</sup> Bertolt Brecht, „Mutter Courage“ 47

<sup>9</sup> Bertolt Brecht, „Mutter Courage“ 57

Út frá þessu textabroti þykir mér skýrt að Mutter Courage er ekki fórnarlamb stríðsins. Hún tekur sjálfviljug þátt í stríðinu og græðir einnig á því. Út frá þessum upplýsingum tók ég þá ákvörðun að leika herprestinn sem slunginn tækifærisinna. Hann fylgir Mutter á ferð hennar í gegnum stríðið enda veitir hún honum öryggi. Hann spilar á hana til að halda lífi en hún gerir slíkt hið sama við aðra. Hún hugsar fyrst og fremst um sjálfan sig og tekur sitt líf fram yfir líf barna sinna.

Ef að afstaða okkar sem hópur hefði verið frá upphafi að mála upp Mutter Courage sem fórnarlamb stríðsins þá hefði ég tekið allt aðrar ákvarðanir út frá mínum karakterum, þá sérstaklega herprestinum. Því þykir mér erfitt að geta dæmt frammistöðu mína á sýningum þegar afstaða hópsins er óskýr. Ég sem leikari var að leggja áherslur á allt aðra útgangspunkta en það sem stendur í leikskránni, því kenni ég samskiptaleysi um. Vissulega var karakterinn heildstæður, líkams og raddbeiting góð en þegar leikarinn fer á mis við afstöðu hópsins gagnvart verkinu fellur leikurinn um sjálft sig. Hvaða sögu viljum við segja ?.

Í gagnrýni í morgunblaðinu greinir gagnrýnandi frá því að ég hafi blómstrað sem heútsmogni og huglausu herpresturinn og verið á heimavelli þar sem látbragð, svipbrigði og tímasatningar hafi verið til fyrirmyndar. Hann nefnir að herpresturinn sé nokkurskonar „Comic relief“. Vissulega gerði ég karakterinn skondinn og skemmtilegan og kom það mjög eðlislega til mín, þar sem grínleikur hefur verið mín sterka hlið. En hvað í leiknum mínum undirstrikaði þá afstöðu að Mutter væri fórnarlamb stríðsins ?

Í gagnrýni

Eini karakterinn í verkinu sem sýnir raunverulega mannúð með öðrum er Katrín. Hún dregst inn í stríðið og fær engu um það ráðið og endar sem fórnarlamb. Hægt er að færa rök fyrir því að Katrín hafi ekki neitt um framgang stríðsins ráðið en ekki vegna þess að hún er kona, heldur vegna þess að hún er mállaus dóttir í fylgd móðir sinnar. Því passar hún heldur ekki inn í þessa ádeilu um stöðu kvenna í stríðinu.

Ef litið er á gagnrýni sem við fengum í viðsjá, skrifar María Kristjánsdóttir

---

<sup>10</sup> Bertolt Brecht, „Mutter Courage“ 77, 78

*„Í leikskrá er lögð áhersla á að sýningin sé ádeila á stöðu konunnar í stríði, hún sé áhrifalaust fórnarlamb þess og missi allt sitt. Þessi skilningur er andstæður megintilgangi verksins þar sem sýnt er að Mutter Courage er fórnarlamb eigin græðgi. Og eiginlega skilar kvennahugmyndin sér varla sem heildarhugsun í sýningunni, hins vegar verður hún sem fyrr að sterkum friðarboðskap.“<sup>11</sup>*

Þessu er ég hjartanlega sammála og velti fyrir mér hvers vegna skólinn lét skrifa þennan umrædda texta í leikskrána. Út frá hvaða sjónarhorni skrifar skólinn þennan texta? Af hverju átti leikstjóri og fagstjóri ekki samtál um þennan texta áður en leikskráin fór í prentun? Allir þeir áhorfendur sem lesa leikskrána litast út frá þessum texta og reyna að finna samhengi í verkinu út frá honum. Samhengi sem leikhópurinn hefur ekki unnið út frá.

Vegna skorts á borðvinnu komu upp ýmis vandamál sem gerðu það að verkum að lengri tíma en vanalega tók að samræma sig mótleikurunum og verkinu sjálfu. Ófá skipti fór langur tími í gólfvinnunni að skýra kringumstæður, það þótti mér þreytandi enda tekur það mikið á fyrir leikarann að hoppa inn og úr karakter í senuvinnu. Skiptast á því að leika karakterinn og stíga svo úr karakter og velta því fyrir sér, ásamt leikstjóra hver ásetningur og kringumstæðan er. Borðvinna fyrirbyggir þennan vanda, með borðvinnu fær leikarinn að skýra kringumstæður, ásetninga og hugmyndaheiminn í verkinu áður en farið er út á gólf.

## Niðurlag.

Eins og greina má á skrifum mínum þótti mér margt í þessu ferli vefjast fyrir mér. Mikið af vandamálunum sem sköpuðust byggðust á samskiptaleysi leikara og leikstjóra en einnig leikstjóra og skólans. Þetta skipulagsleysi kom niður á minni vinnu í karaktarsköpun, oft á tíðum fann ég fyrir óöryggi gangvart því hvaða tilgang Herpresturinn gegndi í verkinu. Var hann einungis „Comic Relief“ verksins? Líkt og gagnrýnandi morgunblaðsins kom að orði, eða gegndi hann stærra hlutverki sem hefði geta ýtt betur undir afstöðu okkar gangvart verkinu?

Þessari spurningu er erfitt að svara þegar afstaðan er óskýr. Ef afstaða okkar hefði verið sú að Mutter Courage væri fórnarlamb stríðsins hefði ég farið eina leið í minni karaktarsköpun. Ef afstaða okkar var að Mutter Courage væri táknmynd kapítalismans hefði ég farið aðra leið. Reynsla mín á þessu ferli hefur kennt mér að afstaða hópsins skiptir gífurlega miklu máli. Ef

---

<sup>11</sup> „Ádeila á stöðu konunnar í stríðinu“, RÚV Víðsjá, sótt 25. maí 2019,

[https://www.ruv.is/frett/adeila-a-stodu-konunnar-i-stridi?fbclid=IwAR1tw04ICfawhAMmdxbctxM9n7udlq762VQCMoHxhBnmsjKNzDNdauc\\_HQc](https://www.ruv.is/frett/adeila-a-stodu-konunnar-i-stridi?fbclid=IwAR1tw04ICfawhAMmdxbctxM9n7udlq762VQCMoHxhBnmsjKNzDNdauc_HQc)

afstaðan er skýr verður vinna leikarans mun auðveldari, hann á auðveldara með að tengjast kringumstæðum og léttara verður að finna ásetninga. Því er deginum ljósara að borðvinna er mikilvægur hlekkur í sviðslistum. Ef farið er rétt að aðstoðar borðvinna sviðslistafólki að samræma sig og skýra heiminn vel áður en haldið er út á gólf. Hvaða sögu viljum við segja ? Af hverju viljum við segja þessa sögu ? Hver er afstaða okkar til verksins ? Hver er boðskapurinn ? Og hvaða tilfinningu viljum við að áhorfendur fari út með ?

Með að svara þessum grundarvallar spurningum áður en við hefjumst handa við að setja upp verk, skýrum við ekki bara fyrir okkur, heldur einnig áhorfendum hver tilgangur verksins sé.

## Heimildir

### Bækur

Michael Chekhov. To the actor. New York: Routledge, 2002.

### Óútgefið efni

Bertolt Brecht. „Mutter Courage.“ Óútgefið handrit, í þýðingu Ólafs Stefánssonar. Október 1965

### Vefsíður

„Útskriftarverk leikara Mutter Courage.“ Menningarfélag Akureyrar. Sótt 24. maí 2019,

[https://www.mak.is/static/files/adstada/hamraborg/leikabraut\\_program\\_printsyningaskra.pdf](https://www.mak.is/static/files/adstada/hamraborg/leikabraut_program_printsyningaskra.pdf)

„Mutter Courage og börnin hennar.“ Tímarit.is. Sótt 24. maí, 2019,

[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=113027&pageId=1371886&lang=is&q=MUTTER%20COURAGE](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=113027&pageId=1371886&lang=is&q=MUTTER%20COURAGE)

„Síðdegisúttvarpið.“ RÚV, sótt 25. maí 2019,

<https://www.ruv.is/spila/ras-2/siddegisutvarpid/20190510>

„Mutter Courage, Akureyri.“ N4. Sótt 25. maí 2019,

<https://www.facebook.com/watch/?v=851563751868809>

„Menningin.“ RÚV, sótt 25. maí 2019,

<https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/menningin/25788?ep=89ha40&fbclid=IwAR3Z4nOwW0iiTYRsBkgJUqOdwaDBntpudUfmf6XFDmqh9-dhTWbH0MkFM0>

„Ádeila á stöðu konunnar í stríðinu.“ RÚV Víðsjá. Sótt 25. maí 2019,

[https://www.ruv.is/frett/adeila-a-stodu-konunnar-i-stridifbclid=IwAR1tw04ICfawhAMmdxbctxM9n7udlq762VQCMoHxhBnmsjKNzDNdauc\\_HQc](https://www.ruv.is/frett/adeila-a-stodu-konunnar-i-stridifbclid=IwAR1tw04ICfawhAMmdxbctxM9n7udlq762VQCMoHxhBnmsjKNzDNdauc_HQc)

